

**Ed.**

**471. Nefndarátt**

um frv. til laga um gróðaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Minni hlutinn

vill samþykkja það með einhverjum breytingum, en meiri hlutinn sjer ekki, að ástæða sje til þess nú að hækka tekju- og eignarskattinn á nokkrum gjaldendum í landinu, eins og í raun rjettri er farið fram á með frv. Það er vitanlegt, að þessi skattur er um 50% hærri hjer en t. d. í Danmörku, einmitt á þeim gjaldendum, sem frv. er ætlað að ná til. Eftir því útliti að dæma, sem nú er á afkomu atvinnuveganna, sýnist því sist vera ástæða til að ráðgera auknar beinar skattaálögur. Ef fjárhagur rikissjóðs mætti við því, væri fremur ástæða til að lækka eitthvað slíka skatta. Sú stefna hefir einnig fremur komið fram hjer í gerðum þessa þings að ljetta skattabyrði almennings heldur en að hækka skatta.

Í greinargerð frv. talar flutningsmaður um stórauð, sem safnist hjer á landi og sem rjettlátt sje að skattleggja í því augnamiði að rækta landið.

Meiri hlutanum er ekki kunnugt um, að stórauður safnist hjer enn sem komið er, og því viðbúið, að sú yrði reyndin á, að sjóðurinn, sem ætlast er til að myndist samkvæmt frv., þó það yrði að lögum, yrði lítilfjörleg stóð fyrir ræktun landsins.

Þegar þess er nú gætt, að hinn almenni tekju- og eignarskattur, sem fyrir er, er of hár, samanborið við þann, sem er í nágrannalöndunum, og þó einkum við efnahag landsmanna, virðist ekki vera hyggilegt að lögleiða viðbótarskatt, nema ef stefnt er að því að koma í veg fyrir, að nokkurt atvinnufyrirtæki geti þrífist. Sjerstaklega er þessháttar lagasmið vanhugsuð, þegar almenningi er vitanlegt, að öll hin stærri fyrirtæki í landinu berjast í bókku- um efnalega.

Ástandið er nú þannig, að hugmyndin um auknar skattaálögur á atvinnufyrirtækin hefir sem stendur við engin rjettt rök að styðjast, og engin von um, að neinar auknar tekjur leiði af viðbótarskattinum, þó þetta frv. verði að lögum. Lögfesting skattsins myndi því verða til þess eins að draga úr framtakssemi einstaklinganna og lama áhuga þeirra. Afleiðingar þess væru alt annað en heppilegar fyrir atvinnulíf þjóðarinnar.

Af framangreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að frv. verði felt.

Alþingi, 29. apríl 1926.

Björn Kristjánsson,  
form.

Gunnar Ólafsson.

Jóhann P. Jósefsson,  
frsm.